

Umræður um drögin.

Fulltrúar T lista lögðu fram eftirfarandi breytingatillögu:

„Erindisbréf starfshóps til undirbúnings mótvægisáðgerða vegna breytinga á starfsemi Þingeyjarskóla skólaárið 2015 – 2016. Erindisbréf vegna starfshóps sem sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti 18. desember 2014 að setja á fót vegna sameiningar grunn- og tónlistardeilda Þingeyjarskóla á eina starfsstöð í húsnæði Hafralækjarskóla.

Þar sem ljóst er að þessi breyting á skólahaldi í Þingeyjarskóla mun leiða af sér fækkun opinberra starfa í sveitarfélaginu telur sveitarstjórn mikilvægt að setja á stofn starfshóp til að meta áhrif áformaðra breytinga og leiða í samvinnu við atvinnuálanefnd sveitarfélagsins starf sem hefur það að markmiði að skapa tækifæri fyrir nýja starfsemi í sveitarfélaginu og eftir föngum styrkja umgjörð þeirrar starfsemi sem fyrir er.

Í starfi sínu skal hópurinn leitast við að hafa samráð við íbúa sveitarfélagsins og rekstraraðila fyrirtækja sem þar starfa.

Mótvægisáðgerðirnar skulu fyrst og fremst miða að því að ekki dragi úr þeirri uppbyggingu og fólksfjölgun sem verið hefur á Laugum undanfarin ár enda mundi slík þróun draga úr tekjum og auka óhagræði í rekstri sveitarfélagsins.

Hópurinn skal leita utanaðkomandi ráðgjafar svo sem frá háskólum, símenntunarstöðvum, framhaldsskólum, atvinnuþróunarfélögum og öðrum stofnunum ef hópurinn telur að það gagnist verkefninu.

Hópurinn skal skila sveitarstjórn áfangaskýrslu fyrir 1. apríl 2015.“

*Breytingartillagan felld með fimm atkvæðum fulltrúa A lista gegn tveim atkvæðum fulltrúa T lista.*

*Umræðum framhaldið og eftirfarandi erindisbréf samþykkt með sex atkvæðum gegn einu atkvæði. Ragnar Bjarnason greiddi atkvæði á móti.*

„Erindisbréf starfshóps til undirbúnings mótvægisáðgerða vegna breytinga á starfsemi Þingeyjarskóla skólaárið 2015 – 2016. Erindisbréf vegna starfshóps sem sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti 18. desember 2014 að setja á fót vegna sameiningar grunn- og tónlistardeilda Þingeyjarskóla á eina starfsstöð í húsnæði Hafralækjarskóla.

Þar sem ljóst er að þessi breyting á skólahaldi í Þingeyjarskóla mun leiða af sér fækkun opinberra starfa í sveitarfélaginu telur sveitarstjórn mikilvægt að setja á stofn starfshóp til að leiða starf sem hefur það að markmiði að skapa tækifæri fyrir nýja starfsemi í sveitarfélaginu og eftir föngum styrkja umgjörð þeirrar starfsemi sem fyrir er. Í starfi sínu skal hópurinn leitast við að hafa samráð við íbúa sveitarfélagsins og rekstraraðila fyrirtækja sem þar starfa. Hópurinn skal leita utanaðkomandi ráðgjafar svo sem frá háskólum, símenntunarstöðvum, framhaldsskólum, atvinnuþróunarfélögum og öðrum stofnunum ef hópurinn telur að það gagnist verkefninu. Hópurinn skal skila sveitarstjórn áfangaskýrslu fyrir 1. apríl 2015.“

### 3. Landgræðsla ríkisins – styrkbeiðni

Fyrir fundinum liggur beiðni um styrk frá Daða L. Friðrikssyni f.h. Landgræðslu ríkisins, dags. 12. desember s.l. Óskað er eftir styrk að upphæð kr. 360 þús. vegna samstarfsverkefnisins „Bændur græða landið“ og annarra verkefna í Þingeyjarsveit á árinu 2014.

*Sveitarstjórn samþykkir erindið.*

### 4. Stígamót – fjárbeiðni

Fyrir fundinum liggur beiðni frá Guðrúnu Jónsdóttur, talskonu Stígamóta, dags. 10. desember s.l. þar sem óskað er eftir fjárbeiðni til reksturs Stígamóta.

*Sveitarstjórn samþykkir að styrkja starfsemi Stígamóta með 70 þús. kr. framlagi.*

### 5. Greið leið ehf. – hlutafjár aukning

Fyrir fundinum liggur bréf frá Péttri Þór Jónassyni, formanni stjórnar Greiðrar leiðar ehf. dags. 13. janúar s.l. Ekki tókst að fá áskrift að allri hlutafjár aukningu félagsins fyrir árið 2014 og var óselt hlutfé s.l. áramót. kr. 11.979.812. Í bréfinu er óskað eftir áskrif að því hlutfé sem var óselt um áramót og að hluthafar nýti forkaupsrétt sinn. Eignarhluti Þingeyjarsveitar er 7,97% og hlutafjár aukning sveitarfélagsins því kr. 1.691.930.

*Sveitarstjórn samþykkir hlutafjár aukninguna.*

### Lagt fram til kynningar:

Fundargerð 823. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:26



## Íbúar Þingeyjarsveitar

Oddviti sveitarstjórnar, Arnór Benónýsson verður með viðtalstíma í Kjarna n.k. mánudag

26. janúar milli kl. 10:30 og 11:30. **Ath.! breytt tímasetning.**

Á þessum tíma svarar oddviti einnig síma og tölvupósti eftir því sem kostur er.

Sími oddvita er 661 6292 og netfang [arnor@thingeyjarsveit.is](mailto:arnor@thingeyjarsveit.is)

Sveitarstjóri

- 3) Reyna að meta verðgildi núverandi skólahúsnæðis Þingeyjarsveitar. Starfshópurinn hafi möguleika á að leita sér aðstoðar hjá sérfræðingum og fyrirtækjum í vinnu sinni. Vinnu starfshópsins verði lokið og niðurstöðum skilað fyrir lok október 2015.

Oddviti bar tillögu fulltrúa T lista upp til atkvæða.

*Tillagan felld með fimm atkvæðum fulltrúa A lista gegn tveim atkvæðum fulltrúa T lista.*

## 2. Erindisbréf starfshóps um mótvægisáðgerðir

Lögð fram eftirfarandi drög að erindisbréfi starfshóps til undirbúnings mótvægisáðgerða vegna breytinga á starfsemi Þingeyjarskóla skólaárið 2015-2016.

„Erindisbréf starfshóps til undirbúnings mótvægisáðgerða vegna breytinga á starfsemi Þingeyjarskóla skólaárið 2015 – 2016.

Erindisbréf vegna starfshóps sem sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti 18. desember 2014 að setja á fót vegna sameiningar grunn- og tónlistardeilda Þingeyjarskóla á eina starfsstöð í húsnæði Hafralækjarskóla.

Þar sem ljóst er að þessi breyting á skólahaldi í Þingeyjarskóla mun leiða af sér fækkun opinberra starfa í sveitarfélaginu telur sveitarstjórn mikilvægt að setja á stofn starfshóp til að leiða starf sem hefur það að markmiði að skapa tækifæri fyrir nýja starfsemi í sveitarfélaginu og eftir föngum styrkja umgjörð þeirrar starfsemi sem fyrir er.

Í starfi sínu skal hópurinn leitast við að hafa samráð við íbúa sveitarfélagsins.

Hópurinn hefur heimild til að leita utanaðkomandi ráðgjafar svo sem frá háskólum, símenntunarstöðvum, framhaldsskólum, atvinnuþróunarfélögum og öðrum þeim stofnunum sem hópurinn telur að gagnist verkefninu.

Hópurinn skal skila sveitarstjórn áfangaskýrslu fyrir 1. mars 2015.“



**Fundargerð  
Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar  
15.01.2015**

**162. fundur  
sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar  
haldinn í Kjarna fimmtudaginn 15. janúar kl. 13:00**

**Fundinn sátu:**

Arnór Benónýsson, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Heiða Guðmundsdóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Eiður Jónsson í forföllum Margrétar Bjarnadóttur, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.

Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund.

**Dagskrá:**

1. Tillaga fulltrúa T lista um starfshóp
2. Erindisbréf starfshóps um mótvægisáðgerðir
3. Landgræðsla ríkisins – styrkbeiðni
4. Stígamót – fjárbeiðni
5. Greið leið ehf. – hlutafjárukning

**1. Tillaga fulltrúa T lista um starfshóp**

Fulltrúar T lista lögðu fram eftirfarandi tillögu um starfshóp:

- 1) Gera rekstraráætlun fyrir einn skóla í Þingeyjarsveit fyrir 120-150 nemendur.
- 2) Kanna byggingarkostnað nýrrar skólabyggingar fyrir 120-150 nemendur.



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**Kristín Sigurðardóttir, húsfreyja,  
Ingjaldsstöðum  
Þingeyjarsveit**

sem lést laugardaginn 17. janúar verður jarðsungen í Þorgeirskirkju laugardaginn 24. janúar kl. 13:00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga á Húsavík.

Atli Sigurðsson  
Elma Atladóttir, Þráinn Óskarsson  
Ragna Atladóttir  
Sigurður Atlason, Berglind Gunnarsdóttir  
og barnabörn

**Sunnudagaskóli á Grenjaðarstað**



Sunnudagaskóli verður á Grenjaðarstað næstkomandi sunnudag, 25. janúar, klukkan 11:00.

Allir velkomnir.  
Séra Þorgrímur.



## Fótsnyrting

kvenfélagið Hildur í Bárðardal býður ellilífeyrisþegum og öryrkjum í fótsnyrtingu miðvikudaginn 28. janúar. Aðrir sem hafa áhuga á snyrtingu borga 6300 krónur. Anna Geirlaug frá Snyrtipinnanum ætlar að koma til okkar og verður hún með aðstöðu hjá Sigga og Stínu á Lækjavöllum. Tímabantanir þurfa að berast í síðasta lagi sunnudaginn 25. janúar í síma 8981404 (Malla).

Enginn posi verður á staðnum  
kveðja stjórnin

## Stórulaugar auglýsa!!

**Við óskum eftir vönu starfsfólki til starfa með okkar góða og tryggja starfsmannahóp á Stóru-**

**Laugum í sumar. Upplýsingar veitir Elín**

**Björk, í síma 464-2990 og á**

**[gisting@storulaugar.is](mailto:gisting@storulaugar.is)**



## Dagskrá vetrarins á Sel-Hótel Mývatni

- 23. janúar.** Bóndadagurinn; Steikarplatti fyrir bóndann og sver öl
- 21. febrúar.** Konudagskvöldverður og Heilsutríóið á Húsavík spilar fyrir matargesti
- 22. febrúar.** Konudagurinn; Sagnagleði; sagnamenn segja skemmtisögur yfir árbít „brunch“ sagnamenn nánar kynntir síðar
- 7.-8. mars.** Husky Íslandsmeistaramót Sleðahundaklúbbs Íslands í sleðahundadrætti og skjörung haldið í Mývatnssveit. Tilboð á gistingu og mat á Sel-Hótel Mývatni. Nánari upplýsingar og staðsetning á keppninni verður auglýst síðar á [www.sledahundar.is](http://www.sledahundar.is)
- 13-15. mars.** Hópreið á íslögðu Mývatn á föstudeginum. Mývatn Open-Hestar á ís keppni á laugardeginum. Hestamannahóf laugardagskvöldið og lifandi tónlist
- 27-29. mars.** Vélsleðahelgi. Keppni á laugardeginum í anda gömlu Mývatns mótanna. Vélsleðaferð á sunnudeginum með leiðsögn heimamanna
- 2.-6. apríl.** Páskatilboð í gistingu og mat. Tilvalið að slaka á og taka þátt í þíslagöngunni, skella sér á gönguskíði, fara á vélsleða í skemmtilegu umhverfi og slaka á í Jarðböðunum
- 13.-18. apríl.** Vorðægur; heldri borgara dagar. Skemmtileg dvöl í Mývatnssveit með fullri dagskrá
- 26. apríl-1.mái.** Vorðægur; heldri borgara dagar. Skemmtileg dvöl í Mývatnssveit með fullri dagskrá
- 2. maí.** Tapazkvöld og lifandi tónlist
- 9. maí.** Tapazkvöld og lifandi tónlist

Nánari upplýsingar á [www.myvatn.is](http://www.myvatn.is) og á facebók Sel-Hótel Mývatns. Enn fremur hægt að senda tölvupóst á [myvatn@myvatn.is](mailto:myvatn@myvatn.is) eða hringja í síma 464 4164.

Munið að panta tímalega

Sel-Hótel Mývatn, Skútustöðum, 660 Mývatn s. 464 4164



Menningarmiðstöð Pingeyinga og Kaupfélag Pingeyinga hafa gefið út mynddisk með 4 þingeyiskum kvikmyndum.



- Samvinnuhátíð í Vaglaskógi 1944.
- Kaupfélag Pingeyinga – Afmælishátíð á Húsavík 1952.
- Heimsókn forseta Íslands hr. Ásgeirs Ásgeirssonar til Húsavíkur 1955.
- Gakktu með mér stutta stund. Menningarsjóður Kaupfélags Norður-Pingeyinga.

Frábær heimild um viðburði og mannlíf í héraði. Diskarnir eru til sölu í Safnahúsinu á Húsavík, þá er einnig hægt að panta í síma 464 1860 eða með tölvupósti á netfangið: [safnahus@husmus.is](mailto:safnahus@husmus.is). Verð 3.500 kr.

## Volkswagen Polo TIL SÖLU

Ágerð 2001  
Beinskiptur  
Keyrður 127.000 km  
Ný tímareim og vatnsdæla  
Sumar og vetrardekk á felgum.  
Verð 430.000 kr.

Upplýsingar í síma 897-7811



## Faglausn ehf. veitir alla almenna

ráðgjöf á sviði mannvirkjagerðar, s.s. áætlanagerð, teikninga og eignaskipti

Einnig aðstoð við uppsetningu gæðastjórnunarkerfa fyrir iðnmeistara og byggingarstjóra.

[www.faglausn.is](http://www.faglausn.is)

Sími: 8988302 / 4640455.

Garðarsbraut 5, 640 Húsavík

*Almar Eggertsson, BFI,*  
löggiltur byggingafræðingur og hönnuður.  
*Knútur Emil Jónasson,*  
lögg. byggingariðnfræðingur.

## Þorrablót Fnjóskdæla

verður haldið í Stórutjarnaskóla  
laugardagskvöldið 31. janúar 2015  
Húsið opnar kl 19:30, borðhald hefst kl 20:30  
Hljómsveit Birgis Arasonar leikur fyrir dansi



Diskar, glös og servéttur verða  
á borðum en ekki hnífapör  
Sjoppan verður opin

Miðaverð 2500 kr. Athugið að ekki er posi á staðnum

Aldurstakmark 16 ár

Þátttaka tilkynnist fyrir klukkan 19:00 fimmtudagskvöldið 29. janúar

Anna	s: 4626347 / 8616347
Ármann	s: 4626745
Ketill	s: 8949378
Nanna	s: 4626210 / 8626240
Silla	s: 4626177 / 8626177

Sætaferðið frá Akureyri ef næg þátttaka næst

3.tbl.  
22. janúar  
2015  
22. árg.

# Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



## ÞORRABLÓT AÐALDÆLA 2015

Verður haldið að Ýdölum laugardaginn 31. janúar.  
Blótið hefst stundvíslega kl. 20:30.  
Húsið opnar kl. 19:30.

Aðgangseyrir er kr. 2.500- fyrir manninn.

**Miðapantanir** þurfa að berast fyrir kl. 19:00  
miðvikudagskvöldið 28. janúar:

Fagranes sími 464-3646/865-7090  
Hjarðarból sími 464-3568  
Jarlsstaðir sími 865-9005  
siggamannsa@gmail.com

### Forsala aðgöngumiða

Verður milli kl. 15:00 og 17:00 á þorrablótisdaginn og  
þá er hægt að koma með trogin.  
Dúkar verða á borðum, servíettur og glös.  
Kaffi á könnunni eftir matinn.  
Hægt verður að kaupa gosdrykki á staðnum.

Nefndin